

TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Vogaskóli, stöðubann.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að svæði við kantstein á suðausturlhuta bílastæðis Vogaskóla við Skeiðarvog verði sérmerkt sem biðstöð hóp bifreiða með almennu stöðubanni í stæðinu á tímabilinu kl. 07.00 – 15.00, mánudaga til föstudaga, með undirmerki um heimild fyrir vöru afgreiðslu.

Ofangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í kjölfar beiðni frá skóla- og frístundasviði og í samvinnu við skólastjórnendur, til að auðvelda aðkomu fyrir rútur tengdum skólastarfinu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Mynd af fyrirhuguðum sérmerktum stæðum við Vogaskóla.

